



Starfsáætlun 2020-2021

Virðing

Sjálfræði

Virkni

Efnisyfirlit starfsáætlun

1 Inngangur.....	4
2 Um leikskólann.....	5
2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými.....	5
3. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.....	5
4. Heimsmarkmið.....	5
5. Lýðræði og jafnrétti.....	5
6. Námskrá - stefna – uppeldislegar áherslur.....	6
7. Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla- námssvið leikskóla.....	6
7.1 Heilbrigði og vellíðan.....	6
7.2 Sköpun og menning.....	7
7.3 Sjálfbærni og vísindi.....	7
7.4 Læsi og samskipti.....	8
8. Dagskipulag.....	8
9. Menningarviðburðir.....	8
10. Kynning á leikskólanum.....	10
11. Foreldrasamstarf.....	10
11.1 Stefna og áherslur.....	10
11.2 Foreldraráð.....	11
11.3 Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna.....	11
11.4 Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi.....	12
11.5 Foreldrafélag.....	12
12. Starfsmenn.....	12
12.1 Starfsmannastefna.....	13
12.2 Áherslur í samstarfi.....	13
12.3 Samsetning starfsmannahópsins.....	14
13. Samstarf við Grunnskóla.....	15
14. Samstarf við aðra.....	15
15. Mat og matsaðferðir.....	16
15.1 Börn.....	16
15.2 Sérkennsla.....	16

15.3 Starfsfólk	17
15.4 Forráðamenn.....	17
16. Öryggismál	17
17. Öryggisnefnd.....	18
18. Áfallaráð.....	18
Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir	19
Barnasáttmáli.....	19
Heimsmarkmið.....	20
Námssvið	20
Mat og matsaðferðir.....	20
Samsetning starfsmannahópsins.....	21
Mat starfsmanna	21
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	21
Endur- og símenntun	22
Viðhald.....	22
Öryggismál	23
Skólastarfið	24
Barnasáttmáli.....	24
Heimsmarkmið.....	24
Námssvið sem var metið, umbætur	24
Börn	25
Sérkennsla.....	25
Foreldrakönnun.....	25
Samsetning starfsmannahópsins.....	25
Fundir	26
Rannsóknir	26
Samstarf.....	26
Nemar.....	26
Viðhald.....	26
Öryggismál	27
Lokaorð.....	27

1 Inngangur

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans.

Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Hlutverk leikskólans hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og misserum. Á sama tíma og við erum sífellt að auka fjölbreytileika námsaðferða og nálgana fækkar fagmenntuðum, ekki síst leikskólakennurum, og fleiri með aðra menntun sinna störfunum í leikskólum. Þetta kallar á að stjórnendur séu sveigjanlegir, hugmyndaríkir og fljótir að sjá mannauðinn og virkja hann. Þessi staða hvetur okkur líka áfram til þess að horfa á aðgengilegar lausnir í kennsluefni svo fleiri geti nýtt sér þær.

Heimur samfélagsmiðla, rafrænna lausna, tímaleysis og álags mætir okkur líka í leikskólanum og þar með hefur hlutverk okkar gagnvart börnum og foreldrum líka breyst. Við sjáum hvernig íslenskan á undir högg að sækja vegna aðkomu enskra snjallforrita og áhorfs jafnvel mjög ungra barna. Þar með hefur hlutverk okkar í málörvun barna stækkað og einnig hlutverk leikskólans í að miðla mikilvægum upplýsingum um hvernig og hvaða áhrif þessi heimur hefur á börn í nútímasamfélagi. Leikskólinn gegnir mikilvægu hlutverki í skapa öruggt skjól með festu sem skapar ró í lífi barna þar sem fjölskyldu og/eða heimilisaðstæður bjóða upp á óróa eða vanlíðan.

Hlutverk leikskólans er margbreytilegt og fjölbreytt og ólíkt frá ári til árs, degi til dags. Það krefst hugrekkis, útsjónarsemi og samheldni í starfsmannahóp að halda starfinu lifandi og geta brugðist við öllu því sem mætir leikskólabörnum og starfsmönnum í dagsins önn.

2 Um leikskólann

2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Sólhvörf tók til starfa 2005 og er 6 deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma. Leikskólinn er opinn frá 7:30-16:30, daglega. Nemendur eru 112 í 6-9 tíma dvöl. Leikskólinn er 841,7 fermetrar á einni hæð. Leikrými á barn er 3,7 fm. og lóð er 4,437 fm.

3. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna varð að lögum árið 1990 en allar þjóðir heims, að Bandaríkjunum undanskildum, hafa samþykkt sáttmálann. Barnasáttmálinn sem samanstendur af 54 greinum um réttindi barna var fullgildur fyrir hönd Íslands árið 1992. Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf.

Við í Sólhvörfum förum í þróunarverkefni og sóttum um að gerast réttindaskóli. Markmið réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi.

4. Heimsmarkmið

Samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Kópavogur var þar með fyrsta sveitafélagið á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmiðin með formlegum þætti. Í Sólhvörfum er tekið þátt í þeirri innleiðingu og allt starfsfólk tók þátt í því að kortleggja markmiðin. Við leggjum við okkur fram við að vinna eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Meðal annars með því að stuðla að jafnrétti kynjanna, fara yfir heilbrygði og vellíðan, við leggjum mikið uppúr andlegri vellíðan hjá börnum og þar kemur bangsinn Blær sterkt inn. Við ræðum við börnin um að allir séu jafnir og eigi rétt til náms, mismunun, fátækt og svo mætti lengi telja.

5. Lýðræði og jafnrétti

Að fá að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi þar sem stuðlað er að jafnrétti er grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Sólhvörfum hvetjum við börnin og kennara til þess að stuðla að lýðræði og jafnrétti. Við teljum það efla sjálfræði barna og þannig eiga þau auðveldara með

að standa með sjálfum sér. Við hvetjum til umræðu og notum bangsann Blæ til þess að fá börnin meðal annars til þess að setja sig í spor annarra, átta sig á hvenær einhver er beittur órétti og takast á við mótlæti. Virkt samspil á milli heimils og skóla teljum við vera mikilvægt í þessu samhengi og leggjum okkur fram við það. Sjálfbærni er einnig mikilvægur þáttur í lýðræði og jafnrétti og lykilþáttur þar er að þekkja umhverfi sitt sem börnin í Sólhvörfum gera með því að fara markvisst í útikennslu.

6. Námskrá - stefna – uppeldislegar áherslur

Skipulagning faglegs starfs í Sólhvörfum tekur mið af lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, Námskrá Kópavogs, Skólanámskrá Umhverfisstefnu leikskóla Kópavogs.

Sólhvörf fylgir áherslum Hugsmíðahyggjunnar í uppeldisstarfi leikskólans með áherslu á sjálfræði barnsins. Sjálfræði vísar til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þekkingu og vangveltum um hvað maður sjálfur telur rétt og rangt. Sjálfræði felur í sér ábyrgð og sjálfsaga og leggjum við áherslu á að kenna börnum frá unga aldri að temja sér hvoru tveggja.

Hugsmíðahyggjan kennir okkur um það hvernig barnið byggir upp þekkingu og hvernig það lærir með eigin virkni. Tækið sem barnið notar til náms er leikurinn, hann er kjarninn í uppeldi og menntun þess. Litið er á barnið sem virkan aðila í eflingu eigin þroska í félags, siðgæðis og vitsmunapróska.

7. Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla- námssvið leikskóla

7.1 Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf.

Í Sólhvörfum er lögð mikil áhersla á hreyfingu og vellíðan. Eitt af okkar markmiðum er að efla útiveru barna og erum við með útikennslukennara sem fer markvisst í útikennslu með hverri og einni deild. Þá er farið í styttri og lengri göngu- og vettvangsferðir þar sem tekið er mið af aldri og þroska barnanna þar sem þau fá tækifæri til þess að kynnast umhverfi sínu. Maturinn hjá okkur í Sólhvörfum er einnig hugsaður til þess að börnin fái öll þau næringarefni sem þau þurfa yfir daginn.

Við leggjum mikla áherslu á svefn barna sem er þriðja stoð heilbrigði og vellíðan. Á yngri deildum eiga börn sem sofna að fá að sofa í að minnst kosti klukkustund og á eldri deildum styttest tíminn í hálf tíma. Við eigum í virku samtali við foreldra um svefn og hvíld og leggjum mikla áherslu á þetta á fundum nýrra foreldra og í foreldrasamtölum.

7.2 Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Eldri deildar leikskólans fara í menningarferðir s.s á söfn, sýningar og fl. Yngstu deildarnar fá sína menningakennslu í skólanum með því að skoða myndir og bækur. Í Sólhvörfum erum við með fagstjóra í listasmiðju sem sér til þess að hvert og eitt barn fái að njóta sín í skapandi starfi. Þá höldum við uppá og fræðum börnin um merkisdaga fyrir íslenska menningu s.s 17 júní, Bolludag, Sprengidag og Öskudag. En börnin í Sólhvörfum gera sjálf sína búninga fyrir öskudaginn sem er haldin hátíðlegur í skólanum.

7.3 Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina.

Útinám er fastur þáttur í starfinu okkar í Sólhvörfum. Allar deildir fara í vettvangsferðir einu sinni í viku með útinámskennara. Ferðirnar taka mið af aldri barnanna og veðri og vindum. Útinámsferðirnar í Sólhvörfum taka mið af áhugasviði barnanna og verða oft að vísindaferðum þar sem ýmis mál eru rannsökuð. Sveppir, ber og fleira hefur verið týnt og nýtt til matar. Einnig hafa ýmiss smærri dýr komið með til baka og verið rannsökuð í styttri og lengri tíma. Farið er yfir flokkun á sorpi og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir náttúrunni og hversu mikilvægt það er fyrir jörðina okkar. Börnin kynnast sínu nánasta umhverfi, læra að meta það og þykja vænt um það.

7.4 Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi.

Börnin í Sólhvörfum fá tækifæri til þess að sjá upplifun, tilfinningar og skoðanir í flestu starfi skólans. Þau æfa sig í að segja frá í samverustundum og frjálsi leikurinn er mikilvægur fyrir þau til þess að tjá upplifun sína á lífinu. Einnig leggjum við áherslu á að börn hafi tækifæri til að læra að þekkja tilfinningar sínar en til þess nýtum við námsefnið um Blæ sem hefur fylgt okkur undanfarin ár. Með vinnu okkar við með tilfinningar lærum við að setja okkur í spor annarra og lesa í aðstæður. Vandræðasögurnar hafa skapað spennandi umræður og hvatt börnin til þess að hugsa um fjölbreytt hlutverk þeirra í leiknum.

8. Dagskipulag

Hver deild setur upp dagskipulag sem tekur mið af þeirra starfi. Þó eru fastir liðir sem eiga við á öllum deildum. Dagskipulagið fyrir þennan vetur tekur mið af Covid aðstæðum.

Opnað úti

Morgunmatur

Hópastarf/Útinám/Hreyfistundir

Samverustund

Hádegismatur

Hvíld

Frjálsleikur

Eftirmiðdagshressing

Útivera og lokun

9. Menningarviðburðir

Mikil áhersla er á menningartengdar vettvangsferðir á leikskólanum Sólhvörfum. Við nýtum okkur mikið Bóka- og Náttúrugripasafnið í Kópavogi. Einnig förum við með börnin á listasöfn og aðrar menningartengdar stofnanir s.s. Þjóðleikhúsið. Þessar ferðir eru ýmist hluti af

hópastarfi eða viðleitni til að brjóta upp leikskólastarfið og fræða börnin um margvíslega menningu.

Desembermánuður er viðburðarríkur í leikskólastarfinu þar sem hefðir eru í hávegum hafðar. Undirbúningur jólanna hefst á jólaverkstæðinu en markmið jólaverkstæðis er að foreldrar og börn eigi notalega stund saman við að skapa jólaskraut og njóta veitinga. Allt sem unnið er á jólaverkstæðinu er notað til skreytinga, jólagjafa og við máltíðir á leikskólanum í desember. Jólabball, jólakaffi og jólamatur á einnig sinn sess í desember ásamt sýningu á helgileik. Foreldrum barna á Jötunheimum og Goðheimum er boðið þegar elstu börnin sýna helgileik og syngja. Börnin í næst elsta árganginum byrja athöfnina með því að ganga inn kirkjugólfið syngjandi undir bjöllumljóm.

Á Bóndadaginn fögnum við þorra með íslenskri kjötsúpu fyrir börnin. Þann morgunn bjóða börnin þabba og afa sérstaklega velkomna í morgunkaffi á leikskólanum.

Þann 6. febrúar höldum við dag leikskólans hátíðlegan með ólíkum hætti frá ári til árs en í ár varð ljósadagur fyrir valinu. Við nýttum okkur vasaljós til leiks með ljós og skugga og ljósaleikir voru á öllum deildum.

Föstudag fyrir Konudag bjóða börnin mömmur og ömmur velkomnar í morgunkaffi á leikskólanum í tilefni af Konudeginum.

Í febrúar gerum við okkur dagamun skv. hefðinni á sprengjudag, bolludag, og öskudag. Öskudagurinn skipar mjög stóran sess í starfsemi leikskólans. Undirbúningur fyrir öskudaginn byrjar um miðjan janúar. Að venju hanna og útbúa börnin sjálf sína eigin öskudagsbúninga á Sólhvörfum.

Páskum er gerð skil í dagskrá skólans með umræðum og myndsköpun.

Útskrift elstu barna ásamt útskriftarferð verður í lok maí.

Fyrir utan þessar hefðir eigum við gott samstarf við Vatnsendaskóla og fórum við í fimm skipulagðar heimsóknir á milli skólanna þetta skólaár.

Foreldrafélagið stendur fyrir vorferð þar sem börnin fá tækifæri á að umgangast húsdýrin og fræðast um þau. Hvort sú ferð verður farin í Húsdýragarðinn eða á sveitabæ er ekki endanlega ákveðið.

Foreldrafélagið stendur árlega fyrir sumarhátíð og verður hún á sínum stað næsta sumar um Jónsmessuna.

10. Kynning á leikskólanum

Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og annað sem tilheyrir starfinu. Vala er samskiptaforrit fyrir forráðamenn og starfsfólk.

Heimasíðu leikskólans má finna á: <https://solhvorf.kopavogur.is/>

11. Foreldrasamstarf

11.1 Stefna og áherslur

Í leikskólanum Sólhvörfum er lögð áhersla á jákvæð samskipti, góða samvinnu og gagnkvæma virðingu í foreldrasamstarfi. Lögð er rík áhersla á að starfsmenn sýni foreldrum og börnum glaðlegt viðmót og vingjarnleika í daglegum samskiptum. Slík framkoma stuðlar að trausti foreldra til starfsmanna og skólastarfsins.

Megináherslur í foreldrasamstarfi eru:

- Að stuðla að góðu samstarfi um barnið og það sem að því snýr.
- Að efla upplýsingagjöf til foreldra um starfsemi skólans hverju sinni.
- Að stuðla að góðum tengslum milli heimilis og skóla.

Til að ná þessum markmiðum notum við dagleg samskipti við foreldra, fréttir sendar á tölvupósti, heimasíðu skólans og árleg foreldraviðtöl. Einnig eru margar árlegar upptökur í leikskólanum þar sem foreldrar taka þátt.

11.2 Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Verkefni foreldraráðs eru:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunar-verkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn.
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og starfar ráðið skv. lögum um starfsemi og hlutverk foreldraráða. Þrír foreldrar sitja í foreldraráði og eru þeir skipaðir til eins árs í senn. Skipun í foreldraráð fer fram á fyrsta fundi stjórnar foreldrafélagsins á hverju skólaári. Fundir foreldraráðs eru á dagvinnutíma.

11.3 Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Mikilvægt er að forráðamenn séu upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Öllum nýjum foreldrum er bent á rafræna foreldrahandbók á heimasíðu Sólhvarfa við upphaf skólagöngu barnsins. Í handbókinni eru að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi, reglur og hefðir á leikskólanum.

Foreldrum eldri barna er boðið í foreldraviðtal í september/október ár hvert en foreldrum yngri barna í janúar/febrúar. Foreldrar og deildastjórar geta þó óskað eftir fleiri viðtölum ef þurfa þykir.

Allir foreldrar hafa fengið að minnsta kosti eitt foreldraviðtal um börnin sín í vetur. Almennt lýsa foreldrar ánægju með störf leikskólans en einnig hafa komið fram athugasemdir sem við höfum tekið til greina. Í foreldraviðtölum hefur verið farið yfir þroska og framvindu barnanna auk þess sem farið er sérstaklega yfir áhyggjur ef einhverjar eru.

Heimasíðan, fréttabréf og auglýsingar á deildum eru aðferðir sem notaðar eru til að miðla upplýsingum til foreldra. Og ekki má gleyma daglegum samskiptum og upplýsingagjöf milli foreldra og starfsmanna.

11.4 Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu sem byggir á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar.

Foreldrum stendur ávallt til boða að koma í leikskólann og fylgjast með skólastarfinu.

Foreldrar eru einnig duglegir við að færa leikskólanum allskonar verðlausan efnivið, bækur, púsl og leikföng sem koma ekki lengur að notum heima.

Foreldrar mæta vel á allar uppákomur leikskólans og foreldrafélagsins.

Foreldrar eru almennt áhugasamir um starfsemi skólans, þeir koma oft með ábendingar um það sem betur má fara og ef eitthvað er að varðandi einstök börn eru þeir óhræddir að tjá sig við deildastjóra eða leikskólastjóra.

11.5 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið. Foreldrasjóður er í leikskólanum sem er nýttur til að greiða kostnað við ýmsa viðburði eða annað sem stjórn foreldrafélagsins ákveður.

Markmið foreldrafélagsins er:

- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að tryggja hagsmuni barna.
- Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Foreldrafélagið er mjög öflugt og mikill vilji til að efla samstarf og samráð milli félagsins og leikskólans. Í þeirri viðleitni hefur stjórn félagsins og aðstoðarleikskólastjóri fundað reglulega yfir vetrartímann.

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum s.s. sveitarferð og sumarhátíð. Einnig hefur foreldrafélagið aðstoðað jólasveininn með innkaup á jólagjöfum fyrir jólaballið á leikskólanum. Foreldrafélagið hefur einnig fært skólanum veglegar gjafir fyrir rekstarafgang og núna síðast færðu þau okkur hjól, spil og púsl og sulluker.

12. Starfsmenn

Góð samskipti og gagnkvæm virðing hafa grundvallarþýðingu fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Starfsfólk er sameiginlega ábyrgt fyrir því að viðhalda góðum starfsanda.

12.1 Starfsmannastefna

Rík áhersla er lögð á að halda góðum starfsanda, vanda til ráðningar nýrra starfsmanna og fjölga faglærðum og/eða háskólamenntuðum starfsmönnum. Einnig hefur verið lögð rík áhersla á samvinnu og samstarf þvert á deildir og starfsmenn.

Til að efla stöðugleika í starfsmannahaldi er unnið með nýliðaáætlun þar sem deildastjórar og leikskólastjóri funda formlega og óformlega með nýjum starfsmönnum í þeirri viðleitun að veita þeim handleiðslu í starfi og tryggja að þeir þjálfist vel og finni til öryggis á vinnustað. Framkvæmd móttökuáætlunar er á ábyrgð leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildastjóra.

Áður var öllu starfsfólki afhent starfsmannahandbók en vegna þess að mikið af upplýsingunum eru úreldar er því engum til gagns að lesa þær. Stefnt er að endurskoðun starfsmannahandbókar á skólaárinu.

Mannauður hvers og eins er nýttur eftir atvikum.

12.2 Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskólans vinni sem ein heild.

Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks.

Starfsfólki gefst auk þess kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf.

Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk og fær það afhent gögn til lestrar.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftari ef þörf þykir.

Góðar móttökur þegar nýr starfsmaður mætir til vinnu er ófrávíkjanleg regla í Sólhvörfum. Einnig er áhersla á dreifða ábyrgð og að nýta mannauð hvers og eins eftir atvikum hverju sinni.

Starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn leikskólans í lok apríl og byrjun maí 2019. Starfsmenn voru boðaðir með minnst tveggja daga fyrirvara og fengu eyðublað í hendurnar sem hjálpaði þeim við undirbúning viðtalsins.

Viðtölin gengu mjög vel og mættu starfsmenn almennt undirbúnir í viðtalið. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu viðtölunum með sér og reyndist það mjög vel.

Fram kom í viðtölunum að almennt líður starfsmönnum mjög vel í vinnunni og margir ræddu að starfsandi væri góður á vinnustaðnum. Starfsmenn upplifa að almennt sé verið að nýta mannauð þeirra og að fólk fái verkefni við hæfi. Nýir starfsmenn tala um að vel sé tekið á mótum þeim.

Mikil vinna hefur farið í að byggja upp jákvæðan starfsanda á síðustu misserum. Við viljum að starfsmönnum líði vel í vinnunni, fái góða og markvissa starfsþjálfun og fái tækifæri til að nýta mannauð sinn og njóta endurmenntunar.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustóri sækja reglulega handleiðslufundi utan skólans með kollegum sínum.

12.3 Samsetning starfsmannahópsins

Stöðugildi í Sólhvörfum skólaárið 2020-2021, vegna barngilda, sérkennslu, stjórnunar, eldhúss og afleysingar eru 33.25 og skiptis menntun kennara á eftirfarandi hátt.

Leikskólakennarar	23.74 %
Önnur háskólamenntun	21.69%
Leiðbeinendur	54,57 %

Starfsmannahópurinn er samhentur og mikil samvinna og samstaða ríkir í hópnum. Hlutfall starfsmanna með aðra háskólamenntun en leikskólakennaramenntun hefur hækkað og að sama skapi hefur hlutfall leiðbeinanda minnkað í starfsmannahópnum.

Tíu starfsmenn í Sólhvörfum stunda háskólanám þetta skólaárið og vinna sumir þeirra hlutastörf hér í Sólhvörfum samhliða námi. Þessir starfsmenn nýtast ákaflega vel í afleysingar vegna undirbúnings og veikinda. Fjórir leiðbeinendur eru í leikskólakennaranámi og tveir háskólamenntaðir starfsmenn eru að taka meistaranám í leikskólakennarafræðum. Einnig er einn leikskólakennari við skólann í Meistaránámi við Háskóla Íslands í Stjórnun menntastofnana. Tveir leiðbeinendur eru í öðru námi.

Þrjú starfsmenn eru í fæðingarorlof á skólaárinu 2020-2021.

13. Samstarf við Grunnskóla

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra. Samstarf leik- og grunnskóla er í sífelldri þróun og unnið er að því á mismunandi hátt í hverfum bæjarins. Tryggja þarf að öll börn í leikskóla taki þátt í því samstarfi sem skipulagt er á milli skólastiga. Skólastjórnendur beggja skólastiga bera ábyrgð á skipulagningu samstarfsins.

Gott samstarf hefur verið frá upphafi milli Sólhvarfa og Vatnsendaskóla. Föst hefð í samstarfinu hefur þróast í gegnum tíðina og verður haldið áfram á sömu braut. Heimsóknir milli skólanna eru fimm yfir skólaárið. Auk hefðbundinna heimsókna elstu barnanna á Sólhvörfum í Vatnsendaskóla, þá fá þau úthlutað sínum skólavin sem þau kynnast í þessum heimsóknum og eiga vísan að þegar grunnskólagangan hefst. Það var því gleðileg viðbót við gott samstarf þegar Ævintýradeildin hafði aðsetur í Vatnsendaskóla í sumar. Eins og áður segir hafa báðir skólar hug á að halda áfram því samstarfi á næsta skólaári. Kennarar fyrstubeckinga í vetur höfðu orð á því á fundi að þau fyndu fyrir jákvæðri breytingu á börnunum, þau eru öruggari og þekkja umhverfi sitt betur.

14. Samstarf við aðra

Samkvæmt lögum og reglugerðum ber leikskólum að eiga samstarf við margskonar aðila sem sinna eftirlitskyldu s.s. Heilbrigðiseftirlit og Öryggiseftirlit. Mesta samstarfið er þó við stoðþjónustu sem Kópavogsbær veitir leikskólum s.s. ráðgjafa á skólaskrifstofu, félagsþjónustu, tölvudeild, launadeild, Áhaldahús, Tæknideild o.fl.

Það er afar mikilvægt fyrir skólastarfið og starfsmenn að eiga aðgang að góðri og faglegri stoðþjónustu.

Hjá Kópavogsbæ eiga starfsmenn leikskólans aðgengi að sérfræðingum á ýmsum sviðum til að leita eftir stuðningi, leiðbeiningu og ráðgjöf.

- Starfsmannastjóri veitir ráðgjöf og leiðbeiningu um réttindi og skyldur launþega og vinnuveitenda.
- Launafulltrúi veitir ráðgjöf um launaflokkaröðun og skil og meðferð á launagögnum.
- Leikskólafulltrúi er ráðgefandi um meðferð mála er snúa að stjórnsýslulegum atriðum er varðar leikskólann.

- Leikskólaráðgjafar eru leiðbeinandi um fag og starfsmannamál leikskólans.
- Sérkennsluráðgjafar eru ráðgefandi varðandi börn með sérþarfir.
- Félagsþjónustan er ráðgefandi varðandi meðferð barnaverndarmála.

15. Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Niðurstöður mats ásamt umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun.

Endurmat fer fram á skipulagsdögum og deildarfundum. Leikskólinn er í stöðugu símati og metum við jafnóðum þá viðburði sem eiga sér stað á vegum skólans. Má þar meðal annars nefna jólaverkstæðið okkar sem er í stöðugri þróun og tekur nokkrum breytingum frá ári til árs, sumarskólinn, öskudagur og fleiri uppákomur sem eru endurmetnar jafnóðum og aðlaga þarf að barnahópnum hverju sinni.

Starfsmannaviðtölin eru hluti af matsaðferðum skólans. Þar skoða kennarar gildi sín og markmið og ræða við skólastjórnendur hugmyndir sínar fyrir skólann sem og hvað mætti betur fara.

15.1 Börn

Börnin meta skólastarfið árlega og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagaðar þroska barna.

Skimanir og próf:

- Hljóm-2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund fimm ára barna.
- EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári.
- TRAS er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna.
-

15.2 Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn.

Skólaárið 2020 - 2021 eru sex börn í Sólhvörfum sem fá úthlutaðan tíma úr fyrsta og öðrum flokki sérkennslu, alls 36 klst. á viku. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þessi börn en hún byggir á upplýsingum úr nokkrum áttum og skiptir aðkoma foreldra þar miklu máli. Áhersla er lögð á að markmið séu mælanleg svo auðvelt sé að meta hvort árangur hafi náðst í vinnu með barn en stuðst er við AEPS matslistann við námskrárgerð. Gildistími einstaklingsnámskráa er almennt fjórir mánuðir en þá er staða barnsins endurmetin og markmið uppfærð í takt við hana.

Börn sem njóta sérkennslu úr 3. og 4. flokki eru 18 og skipta með sér 9 klst. Algengasta ástæða sérkennslu fyrir börn í þessum flokkum er málörvun. Börn af erlendum uppruna eru 10 frá 6 þjóðlöndum. Unnið er með þau börn í málörvunarhópum.

15.3 Starfsfólk

Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti. Matið fer fram á starfsmannafundum og í stjórnendateyminu en hefur ekki verið eins formlegt og ætlast er til.

15.4 Forráðamenn

Forráðamenn meta starfsemi leikskólans annað hvert ár með rafrænni foreldrakönnun en einnig fer fram mat á starfinu í samtölum við foreldra, bæði óformlegum og formlegum.

16. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum.

Hér má finna: [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Við skólann er bæði öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður eins og vinnuverndarlög kveða á um. Einnig er starfandi áfallaráð. Búið er að gera áhættumat fyrir leikskólann sem er árlega endurskoðað.

17. Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem hann tilnefnir. Öryggistrúnaðarmaður er kosin af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Öll slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarvörður hafa eftirlit með aðbúnaði barna og fullorðinna í skólanum. Í öryggisnefnd eru leikskólastjóri og einn starfsmaður. Þeir funda eftir þörfum og eru í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Komið er með athugasemdir til nefndarinnar ef úrbóta er þörf, hvort sem það er innan húss eða utan. Öryggisnefnd bregst við athugasemdinni og hefur samband við þá aðila sem sjá um úrbætur. Öryggisnefndin sækir námskeið hjá Vinnueftirliti ríkisins einu sinni á ári.

18. Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks. Við áföll hittist ráðið eins oft og þurfa þykir.

Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar:

Áfallaáætlun leikskólans

Jafnréttisáætlun leikskólans

[Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar](#)

[Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins](#)

Áfallaráð er í leikskólanum. Í ráðinu eru: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri. Ráðið kemur saman þegar áföll dynja yfir starfsfólk eða börn.

Mat á skólastarfi og starfsáætlun síðasta starfsárs

Við endurmat á skólastarfi er mikilvægt að skoða hvern þátt starfsins og skrá hvað vel var gert og hvað betur má fara.

Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir

Skólastarfið fór vel af stað í Sólhvörfum þetta skólaárið. Fyrir áramót gekk okkur vel að halda okkur við þær áherslur og verkefni sem fyrirætluð voru. Eftir áramót gekk hinsvegar ekki eins vel þar sem Covid 19 setti stórt strik í reikninginn og í nokkrar vikur mættu börn og starfsfólk annan hvern dag í skólann. Þetta ásamt því að nokkrir einstaklingar fóru í sóttkví hjá okkur gerði það að verkum að við gátum ekki haldið úti almennu skólastarfi. Við gerðum þó okkar besta og héldum áfram því sem ákveðið hafið verið eins og að halda úti útikennslunni þar sem börnin fengu góða hreyfingu, kennslu um umhverfið og annað slíkt. Eins var dagskipulagið á deildunum í nokkuð föstum skorðum. Allir viðburðir sem kölluðu á að allur skólinn væri saman féllu niður og er staðan enn sú sama í dag.

Barnasáttmáli

Eins og áður hefur komið fram tókum við þátt í þróunarverkefni og sóttum um að gerast réttindaskóli. Tveir kennarar voru í nefndinni og sóttu námskeið. Til stóð að kynna þróunarverkefnið fyrir öllu starfsfólkinu í skólanum en þar sem eitthvað af skipulagsdögum féllu niður og vegna Covid 19 urðu áherslurnar aðrar hefur lítið verið gert í þeim málum. Við störfum eftir barnasáttmálanum en vantar markvissari vinnu í þeim málum.

Heimsmarkmið

Við förum vel af stað með heimsmarkmiðin. Með tilkomu nýrra starfsmanna og heftingu á samkomum innan skólans hefur vinnan aðeins dalað seinnipart árs og þarf að skerpa á því.

Námssvið

Vel hefur gengið að halda sig við námssviðin. Allar deildar vinna eftir þeim eins og hentar hverjum árgangi fyrir sig. Starfsmenn hafa sýnt frumkvæði og ótrúlega hugmyndaauðgi við að uppfylla kröfur og bjóða upp á fjölbreytt og lifandi verkefni sem ögra börnunum á þessum fordæmalausu tímum.

Mat og matsaðferðir

Lítið var um markvisst mat hjá okkur í Sólhvörfum og er það eitthvað sem við þurfum að skerpa á. Starfsmannaviðtölum var frestað vegna Covid en fram fór stjórnendakönnun þar sem stjórnendur fengu almennt góða niðurstöðu. Þó voru tveir sem enga niðurstöðu fengu en það kemur til vegna þess að starfsmenn á þeim deildum voru of fáir svo ekki reyndist unnt að gæta nafnleysis.

Börn

Í Sólhvörfum eru 112 börn þetta skólaárið. Dvalartíminn er sveigjanlegur, allt frá sex uppí níu tíma. Deildarnar eru aldursskiptar, á þremur deildum blandast tveir árgangar. Við erum með sex börn af erlendum uppruna og nokkur þar sem annað foreldrið er af erlendum uppruna.

Sérkennsla

Skólaárið 2020 - 2021 eru sex börn sem fá úthlutaðan tíma úr fyrsta og öðrum flokki sérkennslu, alls 36 klst. á viku. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þessi börn en hún byggir á upplýsingum úr nokkrum áttum og skiptir aðkoma foreldra þar miklu máli. Áhersla er lögð á að markmið séu mælanleg svo auðvelt sé að meta hvort árangur hafi náðst í vinnu með barn en stuðst er við AEPS matslistann við námskrárgerð. Gildistími einstaklingsnámskráa er almennt fjórir mánuðir en þá er staða barnsins endurmetin og markmið uppfærð í takt við hana.

Börn sem njóta sérkennslu úr 3. og 4. flokki eru 18 og skipta með sér 9 klst. Algengasta ástæða sérkennslu fyrir börn í þessum flokkum er málörvun. Börn af erlendum uppruna eru 10 frá 6 þjóðlöndum. Unnið er með þau börn í málörvunarhópum.

Mat forráðamanna

Engar kannanir voru gerðar þetta skólaárið.

Samsetning starfsmannahópsins

Leikskólakennarar í Sólhvörfum eru sex talsins og starfsfólk með aðra háskólamenntun eru tólf talsins. Leiðbeinendur eru 23. Hlutfall háksólamenntaðra hefur hækkað á milli ára. Þrír starfsmenn eru í fæðingarorlofi.

Mat starfsmanna

Í ár var gerð starfsmannakönnun stjórnendakönnun á vegum Kópavogsbæjar. Stjórnendur Sólhvarfa voru með starfsmannaviðtöl fyrr á skólaárinu.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Eins og áður hefur komið fram erum við að taka þátt í þróunarverkefni um innleiðingu barnasáttmálans og vonumst við til þess að geta farið markvisst í þetta verkefni þegar kófinu sleppir.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar síðasta skólaárs voru: 13 september, 21 nóvember, 2 janúar, 23 mars og 22 maí. Dagskráin var með ýmsu mótum. Meðal annars var unnið að deildarskipulagi, innleiðingu, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Hópeflisnámskeið frá Kvan, Herdís Storgaard var með námskeið í skyndihjálpi og margt fleira.

Endur- og símenntun

Töluvert var um endur – og símenntun hjá starfsfólki Sólhvarfa. Áður upptalin námskeið á skipulagsdögum, ráðstefna hjá Greiningarstöðinni, námskeið í Pax, námskeið um hegðunarörðuleika og fleiri námskeið.

Fundir

Tekin var ákvörðun um að festa deildarstjórafundi annan hvern fimmtudag kl:12:00 og hefur það staðist nokkurn vegin. Deildarnar hafa deildarfundi eftir þörfum og þá leysa hinar deildarnar af í útiveru. Einn starfsmannafundur var á árinu.

Samstarf

Samstarf gekk vel framanaf vetri. Samstarf við Vatnsendaskóla gekk mjög vel. Samstarfsverkefni sem við erum í við Gerplu gekk vel og var það endurtekið á þessu skólaári þó svo að núna sé komin tveggja vikna lokun vegna Covid 19. Allt samstarf hefur svo til dottið niður eftir áramótin vegna þess.

Þátttaka í rannsóknum

Við höfum ekki tekið neinn þátt í rannsóknum síðasta árið en hvöttum starfsmenn okkar til þess að taka þátt í rannsókn Kristínar Dýrfjörð á leikskólabörnum á Covid tímum.

Nemar

Við höfum ekki verið með neina nema hjá okkur síðasta árið. En töluvert af starfsfólki Sólhvarfa eru í námi.

Viðhald

Lítið hefur verið um viðhald utanhúss hjá okkur og bíðum við eftir því að lóðin verði tekin í gegn. Almennu viðhaldi hefur verið haldið innanhúss. Með tilkomu nýrra mátráða hefur verið ráðist í

viðgerðir og innkaup til að bæta aðstöðu í eldhúsi. Framundan er að skoða viftu og aðstæður í þvottahúsi og við uppvottavél til að bæta starfsaðstæður í eldhúsinu.

Öryggismál

Ekkert hefur verið um alvarleg slys í skólanum, eitthvað þó um minniháttar slys eins og gat á höfuð, brotnar tennur og skrámur.

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Hér er skráð hvaða umbætur eru fyrirhugaðar á næsta skólaári

Skólastarfið

Við ætlum að halda áfram á sömu braut. Eins og áður hefur komið fram þá setur Covid 19 strik í reikninginn og við vitum ekki hversu lengi það varir. Við gerum okkar besta til þess að halda úti hefðbundnu skólastarfi og munum halda því áfram.

Barnasáttmáli

Við ætlum að leggja áherslu á markvissari vinnu með innleiðingu Barnasáttmálans og þeir starfsmenn sem eru í nefndinni munu kynna hann fyrir starfsfólki á næsta skipulagsdegi og út frá því verður tekin ákvörðun um hvernig við viljum koma sáttmálanum betur inn í starfið.

Heimsmarkmið

Við höfum staðiði okkur vel í því að vinna eftir heimsmarkmiðunum. En alltaf má þó betur gera og munum við leggja áherslu á að halda markmiðunum á lofti í starfsmannahópnum og endurkynna þau og þær áherslur sem við höfum valið okkur.

Námssvið sem var metið, umbætur

Námssvið síðasta skólaárs var Sköpun og menning. Framan af ári gekk vel að vinna að settu markmiði og fyrir áramót fórum við á söfn og sýningar en eins og með margt annað setti Covid strik í reikninginn þar líka. Eftir áramótin var áherslan meiri á sköpunina og gönguferðir í nærumhverfi barnanna.

Matslistar – umbótaáætlun

Með tilkomu ytra mats sem farið er í gang hjá Kópavogsbæ munum við setja markvisst upp matsteymi og matslista þar sem starfið verður markvisst metið á ýmsan hátt.

Börn

Engar fyrirhugaðar breytingar eru á barnahópnum

Sérkennsla

Góð sérkennsla hefur verið ríkjandi hérna í Sólhvörfum og munum við halda áfram þeirri góðu vinnu sem þar hefur verið unnin. Við ætlum að leggja meiri áherslu á tákni með tali þetta skólaárið.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun er send út á vegum Kópavogsbæ annað hvert ár. Til viðbótar við það munum við skipa fulltrúa frá foreldrum til þess að sitja í matsteymi skólans.

Samsetning starfsmannahópsins

Leikskólastarfið er síbreytilegt og það sama má segja um starfsmannahópinn. Engar fyrirhugaðar breytingar eru í starfsmannahópnum eins og staðan er núna. En það er fljótt að breytast.

Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

Starfsmannakönnun er send út á vegum Kópavogsbæjar annað hvert ár og stjórnendur Sólhvarfa hafa tekið starfsmannasamtöl árlega. Með tilkomu ytra mats ætlum við að bæta við starfsfólki í matsnefnd á skólastarfinu.

Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

Eins og áður hefur komið fram eru með í þróunarverkefni við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og munum halda áfram að vinna markvisst að því.

Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá

Skipulagsdagar eru fimm á þessu skólaári. Einn hefur þegar verið tekin þann 11.sept. Næstu dagar eru fyrirhugaðir þann 19 nóvember, 19 janúar, 17 mars og 14 maí. Dagskrá hefur ekki enn verið gerð. Fyrirhugað er þó að gera úrbætur á mati leikskólans þar sem við erum ekki að standa okkur nógu vel þar, vinna markvisst að innleiðingu Barnasáttmálans og Heimsmarkmiðanna.

Endur- og símenntunaráætlun

Hefur ekki enn verði skipulögð

Fundir

Engin breyting er fyrirhuguð á skipulagi funda.

Rannsóknir

Engin þátttaka er fyrirhuguð í rannsóknum en sýnum við því almennt áhuga ef einhver kemur að máli við okkur.

Samstarf

Við munum halda áfram hinu góða og uppbyggilega samstarfið við Vatnsendendaskóla. Við munum einnig halda áfram samstarfið við Íþróttafélagið Gerplu en elsti árgangurinn hjá okkur fer í fimleika hjá þeim einu sinni í viku.

Nemar

Engir fyrirhugaðir nemar sem koma til okkar næsta skólaár

Viðhald

Það er löngu tímabært að laga lóðina hjá okkur sem er virkilega illa farin og svo virðist sem við séum búin að vera númer tvö í röðinni í fjögur ár. Það væri frábært ef það færi að koma að því. Eins þarf að fara í viðhald í eldhúsi, þar vantar nýjan gufugleypir ásamt því að skoða ofn og eldavél.

Öryggismál

Alltaf er eitthvað sem þarf að bæta og ber þar hæst lóðin okkar sem vegna umönnunar og umgengni hefur virkilega látið á sjá. Þar sem hún er á dagskrá um endurbætur hefur ekki verið lögð áhersla á viðgerðir nema það sem þörf hefur verið á vegna öryggis. Þetta á sérstaklega við um girðingar, hlið, grindverk og leiktæki sem hafa látið á sjá. Einnig eru djúpar holur sem skapa hættu.

Í eldhúsinu er gufugleypir sem ekki annar ofninum og eldavélinni og þess vegna drýpur úr honum heitt vatn. Þetta skapar hættu hjá starfsmönnum í eldhúsi og hefur komið fram athugasemd frá eftirlitsaðila.

Lokaorð

Áfram er stefnt að því að halda úti metnaðarfullu fagstarfi í leikskólanum Sólhvörfum. Við höfum unnið hörðum höndum að því að halda utan um starfsmannahópinn, efla hann og hvetja og verður það áfram forgangsmatiði. Eins og áður kom fram er mannauðurinn í Sólhvörfum undirstaða alls starfsins. Áfram ætlum við að efla hópinn, styrka hann að innan með auknum verkefnum, stuðningi, menntun og hópefli. Einnig er mikilvægt að vera stöðugt á höttunum eftir nýju starfsfólki sem styrkt getur starfið okkar.

Leikskólinn tekur stöðugum breytingum enda stendur tíminn ekki í stað þar frekar en annars staðar í þjóðfélaginu. Nýir foreldrar og börn bjóða upp á nýjar áskoranir og alltaf eykst aðkoma okkar að uppeldi og umönnun barnanna í hverfinu. Hlutverk okkar hefur breyst og það kallar á nýjar nálganir og það er eins gott að vera sífellt á tánum. Framundan er að styrka alla starfsmenn í þeim störfum sem þeir sinna með endurmenntun, handleiðslu og samtölum. Í ljósi þróunar í starfsemi leikskólans er kominn tími til að endurskoða verkferla, starfsmannahandbók, foreldrahandbók og skólanámskrá. Þessi vinna hófst fyrir tveimur árum en var lögð til hliðar vegna anna, nú er lag.

Covid 19 hefur sett mark sitt á skólastarfið í Sólhvörfum eins og í samfélaginu öllu en starfsmannahópur leikskólans Sólhvarfa tekst óhræddur á við öll þau hlutverk sem okkur hafa verið gefin og fleiri til. Við hlökkum til daganna, viknanna og áranna framundan. Þau munu færa okkur ný hlutverk og enn frekari tækifæri til þess að styrkja okkur í þeim hlutverkum sem okkur hafa nú þegar verið færð.

Eyja Bryngeirsdóttir leikskólastjóri

Gerður Magnúsdóttir aðstoðarleikskólastjóri